

52. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 30. okt. 2008 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Ársrit Héraðsskjalasafnsins 2006-2007; 2. Leit að gömlum skjölum; 3. Norrænn skjaladagur 2008; 4. Starfsemi Héraðsskjalasafnsins að undanfögnu og áformuð verkefni; 5. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

- 1. Ársrit Héraðsskjalasafnsins 2006-2007:** Ársritið er komið út og lýsa stjórnarmenn ánægju með það. Heildarkostnaður við ritið er 2.194.217. krónur, kostnaðarverð á eintak kr. 4.438. Ákveðið var að verðleggja ritið í sölu á kr. 5.000. Rætt var um hverjir skuli fá gjafaeintök og voru m.a. tilgreindir höfundar (fjórir) og bæjarstjórnarmenn. Eðlilegt sýnist að eiga skipti við önnur héraðsskjalasöfnog ráðstafa nokkrum eintökum til kynningar. Skylduskilaeintök hafa verið afhent Landsbókasafninu. Héraðsskjalavörður skýrir frá að hann hafi sett auglýsingu um bókina í Bókatíðindi.
Stjórn telur að hentugt væri að gefa ársritið út annað hvert ár þar sem það komi væntanlega betur út í vinnu og kostnaði en ef það kæmi árlega. Hjörtur hafði formála að því að lýsa yfir ánægju með þessa útgáfu, bæði sé bókin myndarleg og eðlilegt framtak héraðsskjalasafns að lýsa aðföngum og safnkosti. Tóku aðrir stjórnarmenn undir orð Hjartar og þakka héraðsskjalaverði fyrir þátt hans og annarra starfsmanna.
- 2. Leit að gömlum skjölum:** Héraðsskjalavörður lagði fram minnisatriði (fskj. I) um fund sinn með félagsmálastjóra 26.9.2008 vegna trúnaðarskjala sem ekki hafa fundist. Fundurinn var haldinn vegna óskar bæjarráðs 4. september 2008 (fg. 2469, liður 2j) um aðstoð Héraðsskjalasafnsins við leit að þeim. Ekki finnst skráð að gögn þessi hafi borist Héraðsskjalasafninu. Á fundinum með félagsmálastjóra var ákveðið að leita ýtarlega að gögnum þessum, m.a. í nokkrum geymslum á vegum bæjarins. Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir leitinni og að hún hefði reynst árangurslaus. Leit í Þjóðskjalasafni, sem héraðsskjalavörður óskaði einnig eftir í framhaldi af fundinum, bar ekki heldur árangur.
- 3. Norrænn skjaladagur 2008, 8. nóvember:** Ákveðið var að taka þátt í heimasíðu Norræns skjaladags sem er á vegum Þjóðskjalasafns.
- 4. Starfsemi Héraðsskjalasafnsins að undanfögnu og áformuð verkefni:**
 - a) Leikskólar og skólar í bænum, móttaka skjala. Héraðsskjalavörður hefur heimsótt Kópavogsskóla, elsta skóla bæjarins, til þess að leiðbeina um frágang skjala sem verða afhent safninu og skjalavistunaráætlun. b) Breiðablik. Íþróttafélög eru skilaskyld skv. lögum en lítið hefur enn borist frá þeim. Héraðsskjalavörður hefur verið í sambandi við Breiðablik um fyrirhugaðar skjalaafhendingar. c) Skráning eldri skjala. Skjöl frá því áður en Kópavogur fékk kaupstaðarréttindi hafa ekki verið endanlega skráð og verður undinn bráður bugur að því.
- 5. Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.
Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:40. Fundarritari Bjarni Ólafsson